

FÉLAGS LEIKAR FLJÓTA MANNA

HVENÆR
Verslunarmannahelgina 2019

HVAR
Ketilási—Brúnastöðum—Ökrum—
Sólgörðum—Reykjarhóli—Ysta-Mó—
Haganesvík—Langhúsum—Lambanesi—Skeiðsfossi—Bara í Fljótum!

FÉLAGSLEIKAR FLJÓTAMANNA • Samveru og sveitahátíð af gamla skólanum • Félags- og samtakamáttur hvers samfélags er meginþema • Viðburðir af sögulegum og menningarlegum toga • Kjötsúpuveizla að hætti heimamanna • Enginn aðgangseyrir á viðburði og sala veitinga í höndum heimamanna • Ágóði rennur til góðra málefna • Margskonar þjónusta í boði og gistingualeikar • Gleði og leguró í Fljótum!

FÖSTUDAGSKVÖLD

18.00 Flatbökuvélsan—SÓLGÖRDUM

21.00 Sérfræðingar að sunnan—Á félagslegum nótum—KETILÁSI

LAUGARDAGUR

10.00 Félagssaga Fljótamanna—Morgunverðarfundur—Jón Kristjánsson, Hjalti Pálsson, Kristín Sigurrós Einarisdóttir og Örfygur Kristfinnsson—Tónlist Spilmenn Ríkis—KETILÁSI

13.00 Íslandsmót í Félagsvist—KETILÁSI

16.00 Hestar hitta börn—LANGHÚSUM

16.00 Hrafna-Flóka gerningur—YSTA-MÓI

17.05 Fimmlagatónleikar—KETILÁSI

LAUGARDAGSKVÖLD

20.30 Dalalífs "Bar-Kviss"—KETILÁSI

22.00 Harmonikkusnillingar sameinist—í ljóðsöng—KETILÁSI

22.30 Skrall—Danshljómsveit Fljótamanna—KETILÁSI

SUNNUDAGUR

10.30 Fljótahlaup Orkusölnunnar—13,1 km Skeiðsfosshlaup—3,3 km skokk—Brúnastöðalabb með bændum—KETILÁSI

12.00 Kjötsúpuveizla aldarinnar—í boði Kvenfélagsins og Orkusölnunnar—KETILÁSI

13.15 Félagslíf fugla—Ganga og náttúruskoðun með leiðsögn—HAGANESVÍK

13.15 Tiubúsund titlar—ÖKRUM

15.00 Skáldkonan Guðrún frá Lundi—Opnun sýningar—Fyrirlestur Silju Adalsteinsdóttur og Dagnýjar Kristjánsdóttur—Vöflukaffi—SÓLGÖRDUM

16.30 Voru Bakkabræður Fljótamenn?—Ganga og leiðsögn—REYKJARHÓLI

20.00 Grill og glaumur—KETILÁSI

22.00 Varðeldur—Söngur—LAMBANESI

UM HELGINA

Verslun KS og veitingasala—KETILÁSI

Kaffihús Guðrúnar frá Lundi—SÓLGÖRDUM

Dýrin stór og smá—BRÚNASTÖÐUM

Heistaleigan—LANGHÚSUM

Sundlaugin og leikvöllur—SÓLGÖRDUM

Tjaldstæði—KETILÁSI

FÉLAGSLEIKAR FLJÓTAMANNA

• **Samveru- og sveitahátíð af gamla skólanum** • **Kjötsúpuveizla að hætti heimamanna** • **Enginn aðgangseyrir á viðburði og sala veitinga í höndum heimamanna** • **Ágóði rennur til góðra málefna** • **Margskonar þjónusta í boði og bar á Ketilási** • **Íbúasamtökin og hollvinir standa fyrir Félagsleikunum 2019**

GLEÐI OG FEGURÐ Í FLJÓTUM!

FÖSTUDAGUR 2. ÁGÚST

18.00-20.00 Flatbökueisla SÓLGÖRÐUM

Á kaffihúsi Guðrúnar frá Lundi að Sólgorðum er hægt að snæða gómsætar flatbökur að hætti heimamanna, eða panta aðrar veitingar sem í boði eru. Ferðþjónusta er rekin að Sólgorðum og er þar ýmislegt í boði s.s. eins og gisting, handverk, sundlaug, leikvöllur, grill- og nestisaðstaða. https://www.facebook.com/solgardar/?ref=br_rs

21.00 Á félagslegum nótum - Tónleikar Sérfræðinga að sunnan KETILÁSI

Hljómsveitin Sérfræðingar að sunnan leikur geðgóða hippatónlist úr ýmsum áttum. Hljómsveitina skipa Íris Jónsdóttir (söngur), Bjarki Lárusson (söngur), Halldór Gunnarsson (hljómborð, píanó, munnharpa), Lárus Halldór Grímsson (hljómborð, píanó, saxafón og flauta), Ólafur Gunnarsson (gítarar), Björn Hannesson (trommur), Sigurður Egilsson (bassi) og Hermann Sæmundsson (gítar). <https://www.facebook.com/events/2454862411460856/>

LAUGARDAGUR 3. ÁGÚST

10.00-12.00 Morgunfundur - Félagssaga Fljótamanna KETILÁSI

Fjallað verður um ýmislegt úr félagssögu Fljótamanna á þessum morgunverðarfundi, en af mörgu er að taka í þeim efnum. Góðir gestir taka til máls og er dagskráin eftirfarandi: Sigfús Ingi Sigfússon, sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar setur Félagsleika Fljótamanna 2019; Jón Kristjánsson, fv. ráðherra og Alþingismaður, flytur ávarp; Hjalti Pálsson, sagnfræðingur og ritstjóri, flytur erindið Sjósókn og þilskipaútgærð í Haganesvík; Kristín Sigurrós Einarsdóttir, skjalavörður og leiðsögumaður, flytur erindið Hundrað ár frá stofnun Samvinnufélags Fljótamanna; Örylgur Kristfinnsson, myndasmiður og safnamaður, veltir því fyrir sér hvaða erindi Bakkabræður eigi við samtímann. Spilmenn Ríkínis flytja lög á milli erinda, en tónlistarhópin skipa þau Örn Magnússon, Ásta Sigríður Arnardóttir, Halldór Bjarki Arnarson og Marta Guðrún Halldórsdóttir. Fundarstjórar verða þær Guðrún Ögmundsdóttir borgarfulltrúi og fv. Alþingismaður og Herdís Á. Sæmundardóttir, sviðsstjóri hjá Sveitarfélaginu Skagafirði. Húsið opnar klukkan 9.00 og þá verða dýrindis veitingar til sölu fyrir fundargesti. <https://www.facebook.com/spilmennrikinis/>

13.00-16.00 Íslandsmót í félagsvist KETILÁSI

Félagsvist hefur löngum verið stunduð í Fljótum, stundum sem framsóknarvist og nú er efnt til Íslandsmóts í boði Fljótamanna – þátttaka opin öllum meðan húsrúm leyfir. Keppt verður á allt að 30 borðum og meistari krýndur í karla- og kvennaflokki í mótslok um kl. 16.00. Að sjálfsgöðu verða líka veitt hin alræmdu skammarverðlaun. Ætlast er til að þátttakendur hafi gott vald á spilinu og ráði við þann hraða sem slíku kappi fylgir. <http://www.spilareglur.is/Game?id=21>

16.00-18.00 Tiupúsund titlar ÖKRUM

Bóndinn Örn Þórarinnsson rekur umfangsmikla fornbókasölu á netinu. Nú opnar hann stofurnar sínar fyrir gesti og gangandi en þar er að finna um tiupúsund titla til sölu. Finndu fjársjóð í bókarformi á Ökrum. Hægt er að koma við á öðrum tímum eftir samkomulagi, hafið þá samband í síma 8410322. <http://www.bokmenntir.netserver.is/content/um-bokmenntir>

16.00-18.00 Hestar hitta börn LANGHÚSUM

Í Langhúsum hefur verið rekin hestatengd ferðaþjónusta fyrir fólk úr öllum heimshornum síðan 2012. Heimafólk tekur gestum Félagsleikanna opnum örmum, þar geta börnin hitt hestana, teymt verður undir þeim sem óska, hægt verður að skoða gæðingana og þiggja veitingar. Svo er líka hvenær sem er hægt að nýta sér frábæra þjónustu og upplifun og leigja hesta eða kaupa þjónustu. <http://icelandichorse.is/>

16.00-18.00 Hrafna-Flóka gerningur YSTA-MÓ

Framkvæmdur verður gerningur til að minnast landnáms Hrafna-Flóka við minnisvarðann um hann, en hann nam land frá Stafá austur að Flókadalsá. Landnámsjörð hans var Mór í Flókadal, sem seinna skiptist í Ysta-Mó, Mið-Mó og Syðsta-Mó.

17.05-18.15 Fimm-laga tónleikar KETILÁSI

Frumsamín lög verða þema þessara Fimm-laga tónleika í flutningi ýmissa tónlistarmanna. Guðmundur Ragnarsson og Róbert Óttarsson flytja fimm eigin lög, en þeir félagar eru um þessar mundir að undirbúa útgáfu á hljóðdisk. Þeir félagar eru hafa unnið lengi saman að tónlist og áður gefið út einn disk, Orð. Halldór Gunnarsson flytur eigin lög og fær til liðs við sig Lárus Halldór Grímsson og Harald Þorsteinsson Fljótamann, en þeir unnu einnig saman á árum áður í hljómsveitinni Pokkabót. Að endingu flytur Margrét Pálsdóttir nokkur lög eftir móður sína Margréti Sighvatsdóttur ásamt Ársæll Mássyni. Bæði fást þau mikið við tónlist, Margrét stjórnar til dæmis Múltikúltíkórnum, fjölþjóðlegum sönghópi kvenna og Ársæll hefur leikið á gítar við ýmis tækifæri og með alls kyns hljómsveitum.

LAUGARDAGSKVÖLD 3. ÁGÚST

20.30-22.00 Dalalífs "bar-kviss" KETILÁSI

Efnt verður til æsispennandi spurningakeppni úr verkum Dalalífs Guðrúnar frá Lundi. Lið verða mynduð og verðlaun veitt fyrir frammistöðu. Umsjónarmaður keppinnar er Marín Guðrún Hrafnisdóttir, en hún er barnabarn Guðrúnar. Ekki er verra að vera vel lesin í bókum Guðrúnar, en það verður ekki nauðsynlegt til að geta náð árangri. Skipt verður í lið eins og tíðkast í "bar-kvissum" – þetta verður fjör. Húsið opnar kl. 20.00.

22.00-22.30 Harmonikkusnillingar sameinist - í fjöldsöng KETILÁSI

Halldór Gunnarsson og Rögnvaldur Valbergsson Fljótamaður taka fram harmonikkurnar og leika af sinni alkunnu sníld gömlu og góðu sönglöggin og salurinn syngur með. Löggin og textar verða aðgengilegir á viðburðasíðu Félagsleikanna.

22.30-01.00 Skrall - Danshljómsveit Fljótamanna KETILÁSI

Danshljómsveit Fljótamanna var stofnuð í tilefni Félagsleikanna og sér hún um að skemmta gestum það sem eftir lifir kvölds. Sannkallað skrall af gamla skólanum – þessu gleyma menn seint. Einvala lið skipar sveitina, en það eru þau Ársæll Másson, Björn Hannesson, Einar Sigurmundsson, Gísli Víkingsson, Guðmundur Ragnarsson, Haraldur Þorsteinsson, Hermann Sæmundsson, Hrafnkell Ásólfr Proppé, Íris Jónsdóttir, Kristján Sigurmundsson, Lárus Halldór Grímsson, Margrét Pálsdóttir, Róbert Óttarsson og kannski ýmsir fleiri.

SUNNUDAGUR 4. ÁGÚST

10.30-12.00 Fljótahlaup Orkusölunnar KETILÁSI

Fljótahlaup Orkusölunnar er skemmtilegt hlaup þar sem kostur er á þremur möguleikum. Í fyrsta lagi 13,1 km Skeiðsfosshlaupi en í því verður hlaupinn hringur um Holtsdalinn og er síðasti kílómetrin á malbiki, æsispennandi lokaspættur í mark. Í öðru lagi 3,3 km. skemmtiskokk inn Holtsdalinn og til baka aftur. Í þriðja lagi er hægt að fara í göngutúr upp með Brúnastaðaánni með bændum. Þessi hlaup byrja öll á sama tíma, skráning fyrirfram eða á staðnum, gott að mæta tímanlega og byrja á upphitun. <https://www.facebook.com/events/325832661653681/>

12.00-13.30 Kjötsúpuveizla aldarinnar KETILÁSI

Kvenfélag Fljótamanna og Orkusalan bjóða gestum og gangandi sem kost eiga í kjötsúpuveizlu. Í súpuna fer að sjálfsgöðu gæða lambkjöt að hætti Fljótamanna og gestrisni Fljótamanna er í fyrirrími. Verðlaunaafhending fyrir árangur í Fljótahlaupi Orkusölunnar fer einnig fram á þessum viðburði.

13.15-14.30 Félagslíf fugla - Náttúruskoðun með leiðsögn KETILÁSI/HAGANESVÍK

Náttúrufræðingurinn Ásta Þorleifsdóttir annast leiðsögn um svæði fugla og lýsir helstu tegundum sem eru í Fljótum og lífsháttum þeirra. Leiðsögnin hefst á Ketilási með stuttum fyrirlestri Ástu áður en lagt verður í leiðangur í Haganesvík. Það er ekki verra að hafa kikinn með, sjón er sögu ríkari.

13.15-15.00 Tiupúsd titlar ÖKRUM

Sjá fyrri lýsingu.

14.00-14.30 Orgeltónleikar BARDI

Tónlistarmaðurinn og Fljótamaðurinn **Rögnvaldur Valbergsson** leikur á orgelið í Barðskirkju. Gæðastund í fallettri timburkirkju frá 1880 og með ljúfum orgeltónum, auk gesta.

15.00-16.30 Kona á skjön – fyrirlestrar og opnun sýningar um Guðrúnu frá Lundi SÓLGÖRDUM

Það er við hæfi að heiðra ævi og störf Guðrúnar frá Lundi á Félagsleikunum. Rithöfundarferill Guðrúnar frá Lundi er sannkallað ævintýri í íslenski bókmenntasögu. Óþekkt kona norðan úr Skagafirði verður metsöluhöfundur nánast á einni nóttu og bækurnar tróna á toppi vinsælda lista í rúma tvo áratugi. Hún var orðin 59 ára þegar fyrsta skáldsagan kom út. Eftir það skrifaði hún 27 bækur í ellefu skáldverkum. Þetta gerðist í heimi fjölda hindrana fyrir alþýðukonu sem þráði að skrifa skáldsögur. Að þessu tilefni munu bókmenntafræðingarnir **Silja Aðalsteinsdóttir** og **Dagný Kristjánsdóttir** fjalla um verk og ritstörf Guðrúnar. Að því loknu munu **Marín Guðrún Hrafnisdóttir** og **Kristín Sigurrós Einarsdóttir** segja frá sýningu um skáldkonuna frá Lundi og opna hana formlega, en sýningin hefur farið víða um land. <https://www.facebook.com/Guðrún-frá-Lundi-271313093077345/>

16.30-18.00 Voru Bakkabræður Fljótamenn? REYKJARHÓLI

Gengið verður frá Reykjarhóli með leiðsögn um söguvið Bakkabræðra eins og því er lýst í nýutkominni Byggðasögu Skagafjarðar. Voru Bakkabræður þrátt fyrir allt Fljótamenn? Þeirri spurningu leitast heimamenn við að svara ásamt þátttakendum í göngunni og kemur þar m.a. við sögu fræg fótalaug. Tónlistaratriði í lok göngu og veitingar í boði heimamanna.

22.00 Varðeldur LAMBANESI

Heimafólk á Lambanesi hefur haft þann sið að kveikja varðeld sunnudagskvöld um verslunarmannahelgi. Þeim sið verður viðhaldið nú og er Fljótamönnum og gestum boðið að vera með og njóta stundarinnar. Gitarinn verður tekinn fram og brekkusöngurinn ómar. Með þessum viðburði lýkur Félagsleikum Fljótamanna 2019.

UM VERSLUNARMANNAHELGINA

Félagsheimilið Ketilás og tjaldstæði KETILÁSI

Félagsheimilið Ketilás verður meginvettvangur Félagsleikanna. Þetta er fallett hús sem hefur verið mikið endurnýjað að innan og utan. Þar verður rekinn bar um verslunarmannahelgina og ýmiskonar veitingasala önnur. Við félagsheimilið er tjaldstæði. <http://www.brunastadir.is/is/adstada/felagsheimilid-ketilas>

Verslun og veitingasala KS KETILÁSI

Verslunin verður opin frá klukkan 12 til 18 á föstudag og frá klukkan 12-16 laugardag, sunnudag og mánudag. Fátt er betra en að staldra við í þessari notalegu búð þar sem ekki vottar fyrir stressi eða asa. Bara gleði og endalaus sól í hjarta. <https://www.facebook.com/groups/232253270837754/>

Dýrin stór og smá BRÚNASTÖÐUM

Á Brúnastöðum er litill húsdýragarður með öllum helstu íslensku húsdýrunum s.s. geitum, grísum, kaninum, hænum og yrðlingum. Þar er hægt að heilsa upp á mjög gæfar geitur sem þiggja gjarnan klapp og litaflóran kemur skemmtilega á óvart. Sjón er sögu ríkari í vinalegu og fallettu umhverfi. <https://www.facebook.com/ferdathjonusta/>

Hestaleigan LANGHÚSUM

Tilvalið að nota ferðina í Fljót og koma við í Langhúsum eða hafa samband og panta útreiðartúr. Fjörureiðin og Víkingaslóðin eru mjög rómaðar ferðir og ekki spillir umhverfið fyrir. <http://icelandichorse.is/>

Sundlaugin og leiktæki SÓLGÖRDUM

Sveitarfélagið Skagafjörður rekur sundlaug að Sólögörðum. Hún er opin alla helgina frá kl 13:00 - 18:00. Þar er líka að finna leiktæki og ægifagurt útsýni yfir Haganesvík. <https://www.facebook.com/sundlauginsolgardar/>

Kaffihús Guðrúnar frá Lundi SÓLGÖRDUM

Á Sólögörðum er einnig starfrækt Kaffihús Guðrúnar frá Lundi. Það verður opið föstudag frá kl. 15-21 og laugardag til mánudags frá kl. 13-18. Sýning um ævi og störf skáldkonunnar Guðrúnar frá Lundi, Kona á skjön, opnar á sunnudag 15.00 og verður hún opin frá kl. 13-18 á mánudag. <https://www.facebook.com/solgardar/>